


BYGGINGAR




Hús byggð

Um leið og þú hefur fengið litaseríu geturðu byrjað að byggja hús (þú þarft ekki að bíða þar til röðin kemur að þér).

Greiddu bankanum verðið sem gefið er upp á afsalsbréfinu og settu hús á götuna.

Þú verður að byggja jafnt. Þú mátt ekki byggja annað hús í götu fyrr en þú hefur byggt eitt hús í hverri götu litaseríunnar. Aðeins er hægt að byggja fjögur hús í hverri götu.



Hótel byggð

Þegar þú hefur byggt fjögur hús í götu geturðu keypt hótél.

Borgaðu verð hótelsins sem gefið er upp á afsalsbréfinu, skilaðu öllum húsunum fjórum til bankans og settu hótél á götuna.

Aðeins er hægt að byggja eitt hótél í hverri götu. Ekki er hægt að bæta við fleiri húsum.

Þú mátt ekki byggja á götu ef einhver gata í þeirri litaseríu er veðsett.

Of fáar byggingar?

Ef margir leikmenn vilja kaupa síðasta húsið eða hótelið verður bankastjórinn að bjóða það upp. Lægsta boð er 1000 kr.

Eru allar byggingar búnar?

Þá er ekki hægt að kaupa byggingar fyrr en einhver selur sínar.

Uppboð

Ef þú lendir á götu, samskiptamiðstöð eða þjónustufyrirtæki sem enginn á en vilt ekki kaupa verður bankastjórinn að bjóða eignina upp.

- Bankastjórinn byrjar uppboðið á því að bjóða leikmönnum upp reitinn fyrir 1000 kr.
- Allir geta lagt fram boð allt niður í 1000 kr (meira að segja bankastjórinn og leikmaðurinn sem lenti á reitnum upphaflega).
- Hæstbjóðandi vinnur uppboðið, borgar bankanum og fær afsalsbréfið.

Hvað ef enginn vill kaupa?

Það er allt í lagi. Þá borgar enginn neitt.

Samningar og skipti

Hægt er að kaupa, selja eða skiptast á eignum við aðra leikmenn hvenær sem er.

Þú verður að selja bankanum allar byggingarnar í litahópnum áður en hægt er að selja eða skipta götu. Ekki er hægt að selja öðrum leikmanni byggingar (eða skipta þeim).

Hægt er að skipta út eignum fyrir reiðufé, aðrar eignir og/eða spjöldin *Þú kemst frítt úr fangelsi*. Upphæðin er ákveðin af leikmönnum sem gera samninginn.

Hægt er að selja veðsettar eignir fyrir hvaða umsamda verð sem er. Nýi eigandinn verður um leið annaðhvort að: **Endurgreiða veðið** (borga bankanum fyrir að aflétta veðinu). **Eða halda veðinu** (borga bankanum aðeins 10% af veðsetningarvirðinu í þetta sinn).

HJÁLP! ÉG GET EKKI BORGAD!

- Reyndu að afla fjár.** Ef þú skuldar peninga og getur ekki borgað geturðu reynt að afla peninganna með því að selja byggingar og/eða veðsetja eignir.

Byggingar seldar

Seldu bankanum hótél fyrir helming kostnaðarverðs og skiptu þeim undireins út fyrir 4 hús. **Seldu bankanum hús** fyrir helming kostnaðarverðs. Hús verður að selja jafnt innan hversrar litaseríu.

Gata veðsett

Til að veðsetja eign þarftu fyrst að selja bankanum allar byggingar í litaseríunni fyrir helming kostnaðarverðs.

Til að **veðsetja** snýrðu afsalsbréfinu niður og færð veðsetningarvirði eignarinnar, sem fram kemur á bakhlið þess, frá bankanum.

Til að **endurgreiða** veð borgarðu bankanum kostnaðinn við að aflétta veðinu (veðsetningarvirði + 10%) og snýrð svo framhlið spjaldsins upp.

Ekki er hægt að rukka leigu af veðsettum eignum. Þó er hægt að rukka hækkaða leigu af óveðsettum götum í litaseríu.

Rukka má hækkaða leigu á óveðsettum samgöngumiðstöðvum og þjónustufyrirtækjum á sama hátt.

- Ef þú skuldar meira en þú átt þrátt fyrir þetta ertu gjaldþrota og úr leik!**

Ertu í skuld við annan leikmann?

Gefðu honum spjöldin *Þú kemst frítt úr fangelsi* og allar veðsettar eignir sem þú átt.

Nýi eigandinn verður um leið annaðhvort að:

Endurgreiða veðið (greiða bankanum kostnaðinn við að aflétta veðinu).

Eða halda veðinu (borga bankanum aðeins 10% af veðsetningarvirðinu í þetta sinn).

Ertu í skuld við bankann?

Afhentu bankanum allar eignir þínar. Þá falla öll veð niður.

Allar eignirnar þínar skulu settar á uppboð undireins.

Skilaðu öllum spjöldunum *Þú kemst frítt úr fangelsi* neðst í bunkann.

Leikmennirnir sem eftir eru halda áfram að spila þangað til aðeins einn leikmaður stendur uppi sem sigurvegari.

FYRIR LENGRA KOMNA!




Til að flýta spilinu er hægt að nota hraðteninginn og fylgja þessum skrefum...

- Hver leikmaður fær auka 1000 kr í upphafi leiks.

- Þegar þú hefur farið yfir byrjunarreitinn í fyrsta sinn kastarðu hraðteningnum með hvítu teningunum tveimur þegar þú átt að gera.

- Ef þú færð:



1, 2, eða 3

Bættu tölunni við það sem kom upp á hvítu teningunum og færðu.



Strætó

Þú ræður hvort þú færir þig um jafnmarga reiti og annar hvíti teningurinn sýnir eða báðir. Ef þú fékkst til dæmis 1 og 5 geturðu fært þig um 1 reit, 5 eða 6 reiti.



MR. MONOPOLY

Notaðu hvítu teningana eins og venjulega. Svo þegar þú ert búin(n) að gera ferðu á næstu eign sem enginn á og getur annaðhvort keypt hana eða sett hana á uppboð. Ef allar eignir hafa verið keyptar ferðu á næstu eign sem ekki er í þinni eigu og borgar leigu.

Er eitthvað annað sem er frábrugðið?

Ef þú ert að reyna að fá samstæðu gildir útkoma hraðteningsins ekki.

Ef þú færð þrennu (allir teningarnir sýna sömu tölu) geturðu fært leikþéðið þitt á hvaða reit sem er á leikborðinu.

Ef þú ert send(ur) í fangelsi þegar þú ert að gera notarðu ekki útkomu hraðteningsins. Þá á næsti leikmaður að gera.

Ekki nota hraðteninginn þegar þú reynir að komast úr fangelsi. Kastaðu teningunum þremur þegar þú ákveður leigu fyrir þjónustufyrirtæki (strætó og MR. MONOPOLY teljast ekki með).

GÓÐ RÁÐ

Til að hafa spilið stutt og laggott skal ekki notast við heimatilbúnar reglur.

Ef einhver vill ekki kaupa eignina sem hann lendir á skal alltaf halda uppboð.

Lánið öðrum leikmönnum aldrei peninga eða semjið um að rukka ekki hvert annað um leigu.

Setjið aldrei peninga á miðju leikborðsins; enginn bónus er gefinn fyrir að lenda á fríu stæði!

Heitin og vörumerkin HASBRO GAMING og MONOPOLY, hönnun leikborðsins, hornreitirnar fjórir, heitið MR. MONOPOLY og persónan, sem og sérstaklega hönnuð atriði á leikborðinu og leikþéð, eru vörumerki Hasbro fyrir fasteignakaupaspil þess og leikjábúnað.

© 1935, 2013 Hasbro. Allur réttur áskilinn. Framleiðandi: Hasbro SA, Rue Emile-Boéchat 31, 2800 Delémont CH.

Fulltrúi: Hasbro Europe, 2 Roundwood Ave., Stockley Park, Uxbridge, Middlesex, UB11 1AZ, UK. Geymið þessar upplýsingar ef þeirra kynni að verða þörf síðar.

Litir og innihald kunna að vera öðruvísi en sýnt er. Hasbro Nordic Consumer Services Hasbro Denmark, Ejby Industrivej 40, 2600 Glostrup. + 45 00 43 27 01 00 hasbrodk@hasbro.dk

www.hasbro.dk

0415 00009 E81



◆ Hraða fasteignaspilið ◆



INNIHALD

Leikborð
8 leikþéð
28 afsalsbréf
16 áhættuspjöld
16 samfélagssjóðsspjöld
32 hús
12 hótél
2 teningar
Spilapeningar
Hraðteningur

ALDUR
8+



2-6
LEIKMENN

BRAND


UPPSETNING

- 1 Veljið einhvern sem les reglurnar upphátt fyrir alla leikmenn.
- 2 Afhendið hverjum leikmanni:
 - 5x
 - 1x
 - 2x
 - 1x
 - 1x
 - 4x
 - 2x

(Samtals=₱1500)
Geymið afganginn af peningunum í kassanum og notið sem banka.
- 3 Stokkið áhættuspjöldin og setjið á hvolf hérna.

4 Stokkið samfélagssjóðsspjöldin og setjið á hvolf hérna.

5 Skipið bankastjóra. Bankastjórinn hefur umsjón með:
 Peningum bankans
 Húsum
 Hótelum
 Afsalsbréfum
 Uppboðum
 Bankastjórinn getur spilað með en hann verður að halda sínum peningum aðskildum frá peningum bankans.



SPILUM!

Til að vinna
Farðu um leikborðið og kauptu eins margar eignir (götur, samgöngumiðstöðvar og þjónustufyrirtæki) og þú getur. Ef þú átt margar eignir færðu hærri leigutekjur. Ef þú ert síðasti leikmaðurinn sem á peninga eftir þegar allir aðrir eru orðnir gjaldþrota vinnur þú!

Hver byrjar?
Hver leikmaður kastar hvítu teningunum tveimur. Sá sem fær hæst úr kastinu byrjar.

Þegar þú átt leik

- 1 Kastaðu báðum hvítu teningunum.
- 2 Farðu áfram um þann fjölda reita sem kom upp á teningunum.
- 3 Hvar lentirðu? Skoðaðu hlutann REITIR BORDSINS í þessum leiðbeiningum.
- 4 Ef þú fékkst samstæðu í kastinu kastarðu aftur og færð að gera aftur.
- 5 Nú á næsti að gera. Leikmaðurinn sem er þér á vinstri hönd er næstur.

Passaðu þig! Ef þú færð samstæðu 3 sinnum í sömu umferð ferðu í fangelsi!

Hefjum leikinn!
Þetta er allt og sumt, nú getið þið hafið leikinn. Flettið upp reitunum sem þið lendið á.

6 Hver leikmaður velur sér leikpeð og setur það á byrjunarreitinn.

7 Setjið hvítu teningana tvo við hlið leikborðsins. Ef þið viljið nota rauða hraðteninginn eru upplýsingar um hvernig hann er notaður í reglunum fyrir lengra komna.

REITIR BORDSINS

Götur
Götur sem enginn á
Þegar þú lendir á götu sem enginn á geturðu annaðhvort keypt hana eða sett hana á uppboð.

Viltu kaupa?
Greiddu verðið sem gefið er upp á reitnum og taktu afsalsbréfið.

Viltu ekki kaupa?
Þá þarf bankastjórinn að bjóða götuna upp. Lægsta boð er ₱10. Allir leikmenn mega taka þátt í uppboðinu.

Götur í eigu annars leikmanns
Þegar þú lendir á götu sem annar leikmaður á þarftu að borga honum leiguna sem fram kemur á afsalsbréfi götunnar.

Safnið litum til að byggja hús!
Þú getur ekki byggt hús fyrr en þú færð litaseríu!

LÁGMÖG	SÍDOMÖG	SUBURLANDS-BRAUT
Leiga ₱18 Leiga með litaseríu ₱36 Leiga með ₱90 Leiga með ₱180 Leiga með ₱360 Leiga með ₱720 Leiga með ₱1440 Hvert hús kostar ₱150 Hvert hótél kostar ₱150	Leiga ₱18 Leiga með litaseríu ₱36 Leiga með ₱90 Leiga með ₱180 Leiga með ₱360 Leiga með ₱720 Leiga með ₱1440 Hvert hús kostar ₱150 Hvert hótél kostar ₱150	Leiga ₱20 Leiga með litaseríu ₱40 Leiga með ₱80 Leiga með ₱160 Leiga með ₱320 Leiga með ₱640 Leiga með ₱1280 Hvert hús kostar ₱150 Hvert hótél kostar ₱150

- Leigan hækkar á hverri götu um leið og þú ert komin(n) með litaseríu.
- Ef þú byggir hús hækkar leigan enn meira!
- Síðar geturðu svo keypt hótél!
(Nánari upplýsingar eru í hlutanum BYGGINGAR.)

Vertu á verði! Eigandinn verður að rukka þig um leigu áður en næsti leikmaður kastar teningunum. Ef hann gleymir að rukka þarftu ekki að borga!

Samgöngumiðstöðvar
Samgöngumiðstöðvar sem enginn á
Þegar þú lendir á samgöngumiðstöð sem enginn á geturðu annaðhvort keypt hana eða sett hana á uppboð.

Viltu kaupa?
Greiddu verðið sem gefið er upp á reitnum og taktu afsalsbréfið.

Viltu ekki kaupa?
Þá þarf bankastjórinn að bjóða samgöngumiðstöðina upp. Lægsta boð er ₱10. Allir leikmenn mega taka þátt í uppboðinu.

Samgöngumiðstöðvar í eigu annars leikmanns
Þegar þú lendir á samgöngumiðstöð sem annar leikmaður á þarftu að borga honum leigu. Leigan fer eftir því hversu margar samgöngumiðstöðvar eigandinn á.

Samgöngumiðstöðvar	1	2	3	4
Leiga	₱25	₱50	₱100	₱200

Þjónustufyrirtæki
Þjónustufyrirtæki sem enginn á
Þegar þú lendir á þjónustufyrirtæki sem enginn á geturðu annaðhvort keypt það eða sett það á uppboð.

Viltu kaupa?
Greiddu verðið sem uppgæfið er á reitnum og taktu afsalsbréfið.

Viltu ekki kaupa?
Þá þarf bankastjórinn að bjóða þjónustufyrirtækið upp. Lægsta boð er ₱10. Allir leikmenn mega taka þátt í uppboðinu.

Þjónustufyrirtæki í eigu annars leikmanns
Þegar þú lendir á þjónustufyrirtæki sem annar leikmaður á þarftu að borga honum leigu.

Kastaðu teningunum til að finna út hversu háa leigu þú þarft að borga. Ef eigandinn á eitt þjónustufyrirtæki er leigan 4 sinnum það sem kom út úr kastinu. Ef eigandinn á tvö þjónustufyrirtæki er leigan 10 sinnum það sem kom út úr kastinu.

Aðgerðareitir

BYRJUN
Ef þú lendir á eða ferð fram hjá byrjunarreitnum færðu ₱200 frá bankanum.

Áhætta/samfélagssjóður
Taktu efsta spjaldið úr viðeigandi bunka og gerðu strax það sem stendur á því. Settu spjaldið neðst í bunkann að því loknu.

Tekjuskattur/hátekjuskattur
Greiddu bankanum upphæðina sem gefin er upp á reitnum.

Fritt stæði
Slakaðu ál! Ekkert gerist.

Bara í heimsókn
Engar áhyggjur. Ef þú lendir hér, settu þá leikpeðið þitt bara í hlutann Bara í heimsókn.

Farðu í fangelsi
Settu leikpeðið þitt beint í fangelsið! Þú færð ekki ₱200 fyrir að fara fram hjá byrjunarreitnum. Þá á næsti leikmaður að gera. Þú getur áfram borgað leigu, tekið þátt í uppboðum, keypt hús og hótél, veðsett eignir og stundað viðskipti þótt þú sért í fangelsi.

Hvernig kemst ég úr fangelsi?
Þú hefur þrjá möguleika:

- 1 **Borga ₱50** næst þegar þú átt að gera og kasta svo og færa eins og venjulega.
- 2 **Nota spjaldið Þú kemst fritt úr fangelsi** næst þegar þú átt að gera, ef þú átt eitt slíkt (eða kaupa það af öðrum leikmanni). Skilaðu spjaldinu neðst í bunkann og kastaðu svo og færðu.
- 3 **Fá samstæðu** í næsta kasti. Ef þú gerir það ertu laus úr prisundinni! Notaðu kastið til að færa þig. Þú getur notað allt að þrjár umferðir til að reyna að fá samstæðu. Ef þú færð ekki samstæðu í þriðja kasti þínu í fangelsi verðurðu að borga bankanum ₱50 og færa þig um þá reiti sem komu upp í kastinu.